

# Utanríkisviðskipti Íslands og þátttaka í fríverslunarviðræðum EFTA

Október 2017



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Viðskiptaskrifstofa



# Utanríkisviðskipti Íslands og þátttaka í fríverslunarviðræðum EFTA

## A. Inngangur

EFTA-ríkin hófu markvisst gerð fríverslunarsamninga við ríki utan Evrópusambandsins (ESB) á 10. áratug síðustu aldar. Í fyrstu einbeittu EFTA-ríkin sér að því að gera fríverslunarsamninga við ríki sem ESB hafði gert fríverslunarsamninga við, einkum við ríki Austur-Evrópu sem þá stóðu utan sambandsins. Markmiðið þá, líkt og nú, er að tryggja samkeppnisstöðu íslenskra útflytjenda á erlendum mörkuðum, ekki síst gagnvart samkeppnisaðilum innan ESB. Að sama skapi er markmiðið að greiða aðgang að nýjum mörkuðum, ekki síst þeim sem eru í örum vexti og talið er að muni bera uppi vöxt í heimsviðskiptum á næstu árum og áratugum.

Síðan þá hefur umfang fríverslunarnets EFTA aukist verulega og áherslan færst frá Evrópu til Asíu og Ameríku. Áherslan á gerð fríverslunarsamninga við ríki sem ESB hefur samið við er enn eitt helsta leiðarstefið í stefnu EFTA á þessu sviði, enda eru ESB-ríkin helstu samkeppnisaðilar EFTA-ríkjanna og fríverslunarsamningar eru mikilvægir til að tryggja samkeppnisstöðu atvinnulífs í EFTA-ríkjunum. Jafnframt hefur EFTA verið reiðubúið að semja við önnur ríki sem eru mikilvægir eða vaxandi markaðir fyrir atvinnulíf þeirra.

## B. Efni og þróun fríverslunarviðræðna EFTA

Eðli og umfang fríverslunarsamninga hefur breyst mikið í gegnum árin og má segja að þeir séu í sífelldri þróun. Gjarnan er greint á milli annars vegar fyrstu kynslóðar fríverslunarsamninga, sem ná til vöruviðskipta og í flestum tilvikum einnig til samkeppnismála og verndunar hugverkaréttinda, og hins vegar annarrar kynslóðar samninga, sem ná einnig til annarra sviða, einkum þjónustuviðskipta, fjárfestinga og opinberra innkaupa. Annarrar kynslóðar ákvæði fóru að sjást í fríverslunarsamningum EFTA um og upp úr aldamótum. Nú er jafnvel farið að tala um þriðju kynslóðina þar sem bæst hafa við ákvæði sem lúta að atriðum eins og umhverfismálum og vinnuvernd, og hafa slík ákvæði verið tekin upp í fríverslunarsamninga EFTA á síðustu árum.

Þessi þróun hefur haft það í för með sér að umfang viðræðna hefur vaxið. Fjöldi vinnuhópa í viðræðum hefur aukist verulega, lotur standa lengur og fleiri koma að þeim frá báðum hliðum. Af Íslands hálfu hefur viðræðum að jafnaði verið sinnt af fastanefnd Íslands í Genf og eftir atvikum fulltrúa frá ráðuneyti landbúnaðarmála. Samhliða vaxandi umfangi viðræðnanna eykst mikilvægi þess að haldið sé eins miklu gegnsæi og samráði á heimavelli og kostur er á milli ráðuneyta og við hagsmunaaðila. Því er mikilvægt að styrkja þátttöku Íslands í fríverslunarviðræðum EFTA, eins og lagt er til í skýrslu utanríkisráðuneytisins „Utanríkisþjónusta til framtíðar“.

EFTA-ríkin eru ákjósanlegur samstarfsaðili fyrir viðsejendur vegna mikilvægra markaða en ekki síður vegna þess að þau semja í sameiningu við önnur ríki. Í einstökum samningaviðræðum móta þau sameiginlega samningsafstöðu um alla þætti viðræðnanna (að öðru leyti en því að samið er tvíhliða milli einstakra EFTA-ríkja og viðkomandi samningsaðila um einstök atriði, einkum markaðsaðgang fyrir óunnar landbúnaðarvörur og skuldbindingar einstakra EFTA-ríkja

á sviði þjónustuviðskipta og fjárfestinga). Í samræmi við það er endanlegur samningur einnig heildstæður og nær til allra EFTA-ríkjanna. Við mótun samningsafstöðu EFTA-ríkjanna er jafnan byggt á fyrirliggjandi samningsmódelum frá fyrri viðræðum og eru þau lögð til grundvallar nema samkomulag náist milli allra EFTA-ríkjanna um breytingar á þeim.

Á síðari árum hafa einstakir viðsemjendur EFTA-ríkjanna sett fram kröfur um að EFTA-ríkin gangi lengra í opnun markaða og semji á grundvelli annarra samningsmódelanna en gert hefur verið hingað til. Þetta á fyrst og fremst við um markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur og samningsmódel á sviðum þjónustuviðskipta og fjárfestinga. Hætt er við að þetta verði til þess að ekki takist að uppfæra og þróa gildandi fríverslunarsamninga EFTA í takt við þróun í slíkum samningum almennt og jafnframt getur þetta dregið úr áhuga ríkja sem ekki hafa þegar gert fríverslunarsamning við EFTA.

Afleiðingin af framansögðu er að erfitt er að þróa hefðbundna EFTA-nálgun í takt við þá þróun sem orðið hefur í fríverslunarsamningum stærri samningsaðila (t.d. ESB) og í mikilvægum samningum (CETA, TPP) til að mæta kröfum frá nýjum samstarfsaðilum. Í ljósi þessa ákváðu EFTA-ráðherrar á ráðherrafundi í júní 2016 að stofna sérstakan vinnuhóp til að fara yfir stöðu mála um þjónustu og fjárfestingar í fríverslunarviðræðum EFTA. Sá vinnuhópur er enn að störfum og er markmiðið að hann skili niðurstöðum sínum á ráðherrafundi EFTA í nóvember 2017 með nýju samningsmódeli fyrir EFTA ríkin.

### ***C. Yfirlit yfir fríverslunarsamninga EFTA***

EFTA hefur gert 27 fríverslunarsamninga við 38 ríki. Í meðfylgjandi yfirliti má sjá hvaða samninga er um að ræða, gildistökuár þeirra hvað Ísland varðar og hvort þeir teljist til fyrstu, annarrar eða þriðju kynslóðar fríverslunarsamninga:

i) Fyrstu kynslóðar fríverslunarsamningar (vöruviðskipti, samkeppnismál, vernd hugverkaréttinda:

Egyptaland (2007), Ísrael (1993), Jórdanía (2002), Kanada (2009), Líbanon (2007), Makedónía (2002), Marokkó (1999), Palestína (1999), Túnis (2005), Tyrkland (1992), ríki í tollabandalaginu SACU (Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland) (2008).

ii) Annarrar kynslóðar samningar (vöruviðskipti, vernd hugverkaréttinda, samkeppnismál, þjónustuviðskipti, fjárfestingar, opinber innkaup):

Chile (2004), Kólumbía (2014), GCC (Sádi-Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Barein, Óman, Katar og Kúveit) (2014), Mexíkó (2001), Mið-Ameríkuríkin (Kostaríka, Panama og Gvatemala) (2014), Perú (2011), Singapúr (2003), Suður-Kórea (2006), Svartfjallaland (2012), Úkraína (2012).

iii) Þriðju kynslóðar samningar (vöruviðskipti, vernd hugverkaréttinda, samkeppnismál, þjónustuviðskipti, fjárfestingar, opinber innkaup, umhverfismál, vinnuvernd):

Albanía (2011), Bosnía-Hersegóvína (2015), Filippseyjar (undirritaður 2016), Georgía (2017), Hong Kong (2012), Serbía (2011).

#### ***D. Viðskiptastefna Íslands og hinna EFTA-ríkjanna samanborið við viðskiptastefnu ESB***

ESB er tollabandalag. Í því felst að allir tollar í viðskiptum milli ríkja sambandsins hafa verið felldir niður og komið hefur verið á sameiginlegum ytri tollum vegna innflutnings frá ríkjum utan sambandsins. Ríki sambandsins hafa sameiginlega viðskiptastefnu og gera alla fríverslunarsamninga sameiginlega. Ekki er mögulegt fyrir einstök ríki sambandsins að gera fríverslunarsamninga.

EFTA eru á hinn bóginn fríverslunarsamtök. Með stofnun samtakanna var komið á fót fríverslun á milli landanna, sem kveðið er á um í stofnsáttmála samtakanna. Tollar hafa þó ekki verið felldir niður af öllum vörum milli ríkjanna og eru enn lagðir tollar á ýmsar landbúnaðarvörur í viðskiptum þeirra á milli. Hvert EFTA-ríki hefur jafnframt eigin tollskrá og tolltaxta vegna innflutnings frá öðrum ríkjum, sem og sjálfstæða viðskiptastefnu. Eitt af meginmarkmiðum EFTA-samstarfsins er að gera sameiginlega fríverslunarsamninga við þriðju ríki.

Þar sem hvert EFTA-ríki hefur eigin tollskrá og sjálfstæða viðskiptastefnu er ekkert því til fyrirstöðu að einstök ríki samtakanna geri tvíhliða fríverslunarsamninga við þriðju ríki. EFTA-ríkin hafa gert nokkra slíka samninga. Þannig hafa einstök EFTA-ríki gert fríverslunarsamning við Kína (Ísland og Sviss, Noregur á í viðræðum við Kína), Japan (Sviss), og Færeyjar (Ísland, Noregur og Sviss).

Viðskiptastefna Íslands hefur, hvað varðar álagningu tolla og vörugjalda, þróast mjög í frjálsræðisátt á síðustu árum. Þannig voru almennir tollar felldir niður af fatnaði og skóm í ársbyrjun 2016 og af hvers kyns annari iðnaðarvöru í byrjun þessa árs. Í dag er hlutfall þeirra tollskrárnúmera sem ekki bera neinn toll rétt tæplega 90% allra tollskrárnúmera, samanborið við um 70% tollskrárnúmera á árinu 2012. Almenn vörugjöld, sem lögð voru á m.a. sykur og sætindi, ýmis heimilis- og raftæki, byggingarefni og varahluti voru einnig afnumin í ársbyrjun 2015 og í dag eru vörugjöld einungis lögð á fáeina afmarkaða vöruflokka (áfengi, tóbak, ökutæki og eldsneyti).

Við samanburð á tollaumhverfinu hér á landi við tollaumhverfið í nágrennalöndum okkar, þ.e. í ESB og í hinum EFTA-ríkjum, má sjá að hlutfallslega mun fleiri tollskrárnúmer hér á landi bera engan almennan toll og að meðaltollur er lægri hér á landi en í nágrennalöndunum. Þetta má sjá í meðfylgjandi töflu.

#### **Samanburður á tollaumhverfi Íslands og nágrennalanda (ESB og hin EFTA-ríkin)<sup>1</sup>**

<b>Ríki</b>	<b>Fjöldi tollskrárnúmera</b>	<b>Hlutfall tollskrárnúmera sem bera ekki toll</b>	<b>Meðaltollur</b>
Ísland	8.971	89,6%	4,6%
ESB	9.414	26,1%	6,3%
Noregur	7.207	83,5%	7,5%
Sviss/Liechtenstein	8.615	19,7%	9,0%

<sup>1</sup> Byggt á upplýsingum í skýrslum skrifstofu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) vegna síðustu úttekta á viðskiptastefnu („Trade Policy Review“) viðkomandi ríkja/ríkjasambanda.

### ***E. Greining í aðildarviðræðum Íslands og ESB á áhrifum af aðild Íslands að tollabandalagi ESB og upptöku sameiginlegrar tollskrár og tölvukerfa tollyfirvalda sambandsins***

Í aðildarviðræðum Íslands og ESB á árunum 2009-2013 var m.a. lagt mat á það hvaða áhrif aðild Íslands að tollabandalagi ESB mundi hafa. Í greinargerð íslenskra stjórnvalda um áhrif að aðild Íslands að tollabandalaginu kom fram að slík aðild hefði haft í för með sér umtalsverðar breytingar á tollframkvæmd, þróun og hönnun fjölmargra tölvukerfa og upptöku nýrrar og umfangsmeiri tollskrár. Þær breytingar yrðu afar umfangsmiklar og tæknilega flóknar. Fjárhagsleg áhrif breytinganna kæmu fram bæði í breyttum tolltöxtum gagnvart þriðju ríkjum við upptöku nýrrar tollskrár og þeim áhrifum sem einstakar atvinnugreinar kynnu að verða fyrir vegna þess, bæði til hækkunar og lækkunar. Einnig væri rétt að hafa í huga að 75% af innheimtu tolltekna hér á landi myndu renna beint til ESB.

Í samningsafstöðu Íslands í viðræðunum kom fram, hvað varðar aðild að tollabandalagi ESB, að Ísland mundi við aðildina þurfa að beita tollskrá ESB og tengjast tölvukerfum sambandsins á sviði tollamála. Ísland stefndi því að fullri aðlögun að sameiginlegri tollskrá, rafrænu tollskrárkerfi, eftirlits- og innflutningskvótakerfi og öðrum undirkerfum hins samræmda tollstjórnkerfis ESB.

Í samningsafstöðu Íslands var einnig tekið fram að umtalsverður munur sé á álögðum innflutningstollum Íslands annars vegar og ESB hins vegar og endurspegli hann m.a. takmarkaða fjölbreytni í framleiðslu á Íslandi, hversu mjög landið reiðir sig á innflutt aðföng fyrir atvinnustarfsemi og viðkvæmni landbúnaðarins. Beiting sameiginlegra innflutningstolla í kjölfar aðildar myndi í sumum tilfellum hafa í för með sér álagningu innflutningstolla sem ekki voru áður til staðar í viðskiptum við þriðju ríki, bæði hvað varðar iðnaðar- og landbúnaðarafurðir. Sameiginlegu innflutningstollarnir myndu draga úr tollvernd fyrir innlendar landbúnaðarafurðir.

Í samningsafstöðu Íslands kom jafnframt fram að innleiðing tolla í viðskiptum við þriðju ríki myndi hafa skaðleg áhrif á sjávarútveginn á Íslandi, einkum hvað varðar aðföng til fiskveiða, fiskvinnslu og lagareldi. Orkufrekur iðnaður á Íslandi, þá einkum framleiðsla á áli og málmblendi, myndi einnig verða fyrir neikvæðum áhrifum þar sem innflutningstollur yrði tekinn upp á helstu aðföng. Af Íslands hálfu var óskað eftir tilteknum ráðstöfunum af hálfu ESB til að koma í veg fyrir þessi neikvæðu áhrif, en afstaða ESB til þeirra óska lá ekki fyrir þegar viðræðurnar stöðvuðust.

Í gögnum sem tengjast aðildarviðræðunum kom enn fremur fram að aðild að tollabandalagi ESB hefði kallað á margvíslegar kerfisbreytingar, t.d. breytta tollframkvæmd, umfangsmikla þjálfun starfsmanna og undirbúning, þróun og upptöku um 15-20 nýrra tölvukerfa. Um væri að ræða viðamiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir bæði hjá tollyfirvöldum og atvinnulífínu. Hvað varðar upptöku nýrra tollkerfa þá var í frumáætlun tollyfirvalda gert ráð fyrir kostnaði að fjárhæð allt að 30 milljónum evra<sup>2</sup> vegna greiningar, hönnunar og uppsetningar tölvukerfa.

Loks má nefna að í greinargerð til aðalsamninganefndar kom fram að breytt tollframkvæmd vegna aðildar myndi kalla á umtalsverða fjölgun starfsmanna hjá tollyfirvöldum. Hjá íslenskum tollyfirvöldum störfuðu 168 manns við tollamál, en hjá tollyfirvöldum (Customs & Excise) á Möltu (415.000 íbúar) störfuðu um 430 manns, og í Lúxemborg (500.000 íbúar) störfuðu um 495 manns. Ljóst væri að Ísland hefði hlutfallslega mun færri starfsmenn en ofangreind

---

<sup>2</sup> Þ.e. um 3,8 milljarðar króna (miðað við gengið 127 kr./evra).

aðildarríki. Jafnframt var bent á að í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB hafi komið fram að í ljósi stærðargráðu þess verkefnis sem íslensk töllyfirvöld standa frammi fyrir í tengslum við ESB-aðild væri ljóst að forsenda framvindu verkefnisins sé að auka við starfsmannafjöldann.

### ***F. Áherslur Íslands í fríverslunarviðræðum EFTA***

Markmið Íslands og hinna EFTA-ríkjanna í fríverslunarviðræðum er jafnan að samið verði um fulla fríverslun með hvers kyns iðnaðarvörur og sjávarafurðir. Í gegnum tíðina hefur því markmiði oftast verið náð. Í sumum tilvikum hafa samningsaðilar EFTA þó ekki verið tilbúnir til að veita fulla fríverslun með slíkar vörur, eða óskað eftir aðlögunartímabilum til niðurfellingar tolla. Í þeim tilvikum er af Íslands hálfu leitast við að tryggja eftir því sem unnt er að íslenskar útflutningsafurðir, bæði iðnaðarvörur og sjávarafurðir, njóti tollaniðurfellingar, eftir atvikum á aðlögunartímabilum.

Varnarhagsmunir Íslands hafa ávallt verið á sviði landbúnaðar. Afar takmarkaðar tollaávilnanir eru veittar fyrir landbúnaðarvörur sem framleiddar eru hér á landi. Þannig eru ekki veittar tollaávilnanir fyrir kjöt, mjólkurvörur og ýmislegt grænmeti sem framleitt er hérlendis. Í samningaviðræðum er af Íslands hálfu einungis óskað eftir markaðsaðgangi fyrir þær tiltölulega fáu tegundir landbúnaðarafurða sem framleiddar eru hér á landi til útflutnings, s.s. lambakjöt, hrossakjöt, skyr, bjór, áfengir drykkir og vatn. Ávallt er haft náið samráð við ráðuneyti landbúnaðarmála hvað varðar viðræður um landbúnaðarvörur og sendir ráðuneytið í sumum tilvikum fulltrúa sinn í viðræðurnar.

Í viðræðum um þjónustuviðskipti hefur af Íslands hálfu verið lögð sérstök áhersla á að bæta markaðsaðgang fyrir íslensk fyrirtæki sem veita þjónustu á sviði endurnýjanlegrar orku. Að frumkvæði Íslands og Noregs er sérstakur viðauki um þjónustuviðskipti í orkugeiranum jafnan lagður fram í einstökum viðræðum, en ýmsir samningsaðilar EFTA s.s. Indónesía, Malasía, Ekvador, Mexíkó og Tyrkland búa yfir miklum möguleikum á sviði jarðhitanytingar. Hvað varðar aðgang erlendra aðila hér á landi þá hefur gildandi takmörkunum á sviði þjónustuviðskipta og fjárfestinga verið haldið til haga, t.d. varðandi fjárfestingar erlendra aðila og dvöl erlendra þjónustuveitenda hér á landi. Þá eru engar skuldbindingar veittar hvað varðar aðgang erlendra þjónustuveitenda á viðkvæmum sviðum þjónustu s.s. menntunar og heilbrigðisþjónustu.

Ísland hefur einnig viðurkennt gagnsemi þess að samningarnir taki einnig til annarra þátta s.s. verndar hugverkaréttinda og opinberra innkaupa. Jafnframt studdi Ísland nýlega breytingu á samningsmódeli EFTA þess efnis að það inniheldur nú ákvæði sem snúa að t.d. vinnuvernd og umhverfismálum. Til umræðu hefur komið að taka inn fleiri ný atriði s.s. ríkisstyrki í sjávarútvegi og ákvæði um jafnréttismál, hvort tveggja að frumkvæði Íslands.

### ***G. Þróun viðskipta við ríki sem fríverslunarsamningar hafa verið gerðir við***

EFTA-skrifstofan vann á árinu 2016 greiningu á þeirri þróun sem orðið hefur á viðskiptum EFTA-ríkjanna í kjölfarið á gerð fríverslunarsamninga. Í þeirri greiningu kom m.a. fram að fríverslunarnet EFTA nær nú til 870 milljón neytenda. Í eftirfarandi töflu má sjá að á árunum 2006-2015 jókst útflutningur EFTA-ríkjanna til þeirra ríkja sem fríverslunarnet samtakanna nær til úr 6,5 milljörðum evra í 37 milljarða evra. Á sama tímabili jókst hlutfall útflutnings til

Þessara ríkja úr 3,0% í 12,4% af heildarútflutningi á meðan hlutdeild útflutnings til ESB lækkaði úr 71% í 62%.

*Samanlagður vöruútflutningur EFTA-ríkjanna og hlutdeild markaðssvæða (milljarðar evra).*

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
<b>Ríki sem hafa gert fríverslunarsamning við EFTA</b>	6.5	8.7	12.6	15.7	19.8	22.0	28.3	33.6	33.7	37.0
	3,0%	3,8%	4,9%	7,5%	7,9%	7,6%	9,3%	11,4%	11,5%	12,4%
<b>ESB</b>	155	161	183	143	169	193	204	194	191	185
	71%	70%	72%	68%	68%	67%	67%	66%	65%	62%
<b>Önnur lönd</b>	57	59	60	52	61	73	74	67	69	76
	26%	26%	24%	25%	24%	25%	24%	23%	24%	26%
<b>Útflutningur EFTA-ríkjanna alls</b>	218	228	256	211	249	288	306	295	294	298

## **H. Yfirstandandi fríverslunarviðræður**

### **1. Indland (þriðja kynslóð)**

Fríverslunarviðræður EFTA og Indlands hófust árið 2008. Viðræðurnar stöðvuðust árið 2013 og voru þá nokkur erfið ágreiningsatriði útistandandi. Þráðurinn var tekinn upp á ný árið 2016 og hafa vonir staðið til þess að hægt verði að ljúka viðræðunum fyrir kosningar á Indlandi árið 2019. Til þess að svo megi verða þarf þó að leysa ýmis erfið ágreiningsmál sem óvíst er hvort takist að leysa.

### **2. Indónesía (þriðja kynslóð)**

Viðræður hófust í janúar 2011. Stefnt er að því að ljúka viðræðunum á næsta ári en enn eru ýmis mál óleyst.

### **3. Víetnam (þriðja kynslóð)**

Fríverslunarviðræður EFTA og Víetnam hófust í maí 2012. Viðræðurnar hafa gengið hægt og voru um tíma í biðstöðu. Í kjölfar heimsóknar þingmannanefndar EFTA til Víetnam á árinu 2016 var ákveðið að taka viðræðurnar aftur upp.

### **4. Malasía (þriðja kynslóð)**

Fríverslunarviðræður EFTA og Malasíu hófust í mars 2014. Utanríkisviðskiptastefna Malasíu er opnari en stefna margra nágrannaríkja landsins, t.d. Indónesíu og Víetnam. Enn eru nokkur erfið málefni útistandandi.

### **5. Ekvador (þriðja kynslóð)**

Fríverslunarviðræður við Ekvador hófust í nóvember 2016. Í viðræðunum er tekið mið af nýlegum samningi Ekvador og ESB og ganga viðræðurnar vel. Viðskipti við Ekvador eru afar takmörkuð í dag. Nefnt hefur verið sem takmark að skrifa undir samninginn á ráðherrafundi á Íslandi sumarið 2018.

### **6. Mercosur (þriðja kynslóð)**

EFTA-ríkin og Mercosur (tollabandalag Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ) hófu fríverslunarviðræður í júní 2017. Viðræður hafa farið nokkuð vel af stað en ljóst er að viðræður um markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur geta orðið erfiðar.



## ***1. Viðræður um útvíkkun gildandi fríverslunarsamninga***

### **1. Kanada (núverandi samningur er af fyrstu kynslóð)**

Fríverslunarsamningur EFTA-ríkjanna og Kanada, sem tók gildi árið 2009, nær einungis til vöruviðskipta. Árið 2016 hófust könnunarviðræður um endurskoðun á efni samningsins og útvíkkun hans til annarra sviða, s.s. þjónustuviðskipta, fjárfestinga og opinberra innkaupa.

### **2. Mexíkó (núverandi samningur er af annarri kynslóð, verður þriðja kynslóð)**

Fríverslunarsamningur EFTA og Mexíkó tók gildi árið 2001. Í honum er kveðið á um niðurfellingu tolla af hvers kyns iðnaðarvörum og sjávarafurðum (að túnfiski og sardínum undanskildum). Ákvæði í samningnum um tollfríðindi fyrir landbúnaðarvörur, sem og um þjónustuviðskipti og fjárfestingar, eru hins vegar efnislega rýr.

EFTA-ríkin og Mexíkó hófu á árinu 2016 formlegar viðræður um endurskoðun fríverslunarsamningsins og snúast þær viðræður fyrst og fremst um markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur og þjónustuviðskipti og fjárfestingar. Fjórar samningalotur hafa þegar verið haldnar.

Samhliða uppfærslu fríverslunarsamningsins fara einnig fram viðræður um endurskoðun á tvíhliða fjárfestingarsamningum Íslands og Sviss við Mexíkó. Þá hefur Mexíkó áhuga á að samstarfssamningur (MOU) Íslands og Mexíkó á sviði endurnýjanlegrar orku frá árinu 2008 sem nú er runninn úr gildi verði uppfærður eða framlengdur, og er sú vinna að hefjast. Þá er í kafla um samstarf sem EFTA og Mexíkó hafa lokið viðræðum um að finna ákvæði um samstarf EFTA og Mexíkó á sviði orkumála, þ.m.t. á sviði jarðhita og vatnsorku.

### **3. Chile (núverandi samningur er af annarri kynslóð, verður þriðja kynslóð)**

Viðræður um endurskoðun fríverslunarsamnings EFTA og Chile áttu að hefjast á árinu 2016. Viðræðunum var hins vegar frestað að ósk Chile og er ekki ljóst hvenær viðræður munu geta hafist. Chile hefur upplýst EFTA að það sé ekki tilbúið til að bæta ákvæðum um vernd hugverkaréttinda inn í samninginn. Slík ákvæði er þó að finna í samningi Chile og ESB. Chile segir ástæðuna vera að EFTA geti ekki gefið jafn góðan markaðsaðgang á sviði landbúnaðarvara og hefur bent á að hugverkavernd sé sterk í Chile og því ekki þörf á slíkum ákvæðum.

### **4. Tollabandalag Suður-Afríku (SACU) (núverandi samningur er af fyrstu kynslóð)**

Fríverslunarsamningur EFTA og SACU (Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasíland). tók gildi árið 2008. Í árslok 2016 árs ákváðu aðilar að uppfæra samninginn og mun endurskoðunin einkum taka til tollfríðinda fyrir landbúnaðarvörur og upprunamála. Ekki hefur verið ákveðið hvenær viðræðurnar um uppfærslu samningsins geti hafist.

### **5. Tyrkland (núverandi samningur er af fyrstu kynslóð, verður þriðja kynslóð)**

Árið 2014 hófust viðræður um endurskoðun fríverslunarsamnings EFTA og Tyrklands frá árinu 1992. Stefnt er að því að uppfæra ákvæði samningsins með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur frá því að hann var gerður, m.a. með því að bæta við hann ákvæðum um þjónustustarfsemi, hugverkaréttindi, sjálfbæra þróun o.fl. Viðræðurnar hafa þróast ágætlega um flesta þætti, að undanskildum þjónustuviðskiptum.

## ***J. Viðræður á ís***

### **1. Rússland, Hvíta-Rússland og Kasakstan (RúBeKa)**

Fríverslunarviðræður EFTA-ríkjanna og RúBeKa hófust í janúar 2011. EFTA-ríkin settu viðræðurnar á ís í apríl 2014 sökum framferðis Rússa í Úkraínudeilunni og hafa engin frekari samskipti átt sér stað á milli aðila síðan.

### **2. Taíland**

Fríverslunarviðræður milli EFTA-ríkjanna og Taílands hófust árið 2005. Ári síðar frestuðu Taílandingar frekari fundahöldum sökum stjórn málaástandsins í landinu. Til stóð að viðræðurnar upp á ný árið 2014, en í kjölfar valdaráns hersins þar í landi fóru þær fyrirætlanir út um þúfur. Ísland fer með formennsku af hálfu EFTA-ríkjanna í viðræðunum.

### **3. Alsír**

Fríverslunarviðræður við Alsír hófust árið 2007. Viðræðurnar hafa legið niðri síðan 2008 og hefur gengið erfiðlega að fá Alsír aftur að samningaborðinu.

## ***K. Framtíðarfríverslunarviðræður?***

### **1. Nígería og fleiri Afríkuríki**

EFTA-ríkin hafa um langt skeið sóst eftir nánara samstarfi við ýmis ríki í Afríku. Nýlega luku EFTA ríkin og Nígería viðræðum um samstarfsyfirlýsingu, sem biður undirritunar, en slík yfirlýsing er gjarnan undanfari fríverslunarviðræðna. EFTA vinnur einnig að gerð slíkrar samstarfsyfirlýsingar við Austur-Afríkubandalagið (East African Community, Búrúndí, Kenía, Rúanda, Tansanía og Úganda) og standa samningaviðræður yfir.

### **2. Pakistan**

Pakistan óskaði fyrir nokkrum árum eftir fríverslunarviðræðum við EFTA. Samstarfsyfirlýsing var undirrituð í kjölfarið en EFTA-ríkin hafa ekki verið tilbúin til að hefja fríverslunarviðræður.

### **3. Míritús**

EFTA-ríkin hafa undirritað samstarfsyfirlýsingu við Míritús, en þau hafa hingað til ekki verið reiðubúin að hefja fríverslunarviðræður eins og vilji Míritús stendur til.

### **4. Moldóva**

Moldóva hefur óskað eftir því að gerð verði samstarfsyfirlýsing við EFTA og eru viðræður hafnar um gerð slíkrar yfirlýsingar.

### **5. Samtök ríkja í Suðaustur-Asíu (ASEAN)**

Undanfarin ár hefur innan EFTA verið rætt um möguleika á auknu samstarfi við ASEAN. Aðild að ASEAN eiga Brúnei, Filippseyjar, Indónesía, Malasía, Myanmar, Kambódía, Laos, Singapúr, Taíland og Víetnam. Fram til þessa hefur EFTA fylgt þeirri stefnu að semja fremur við einstök ASEAN-ríki. Af þeim hefur EFTA þegar samið við tvö ríki (Singapúr og Filippseyjar) og á í fríverslunarviðræðum við þrjú til viðbótar (Malasíu, Víetnam og Indónesíu). Þá eru viðræður við Taíland á ís sem fyrr segir. Þessu til viðbótar hefur EFTA undirritað samstarfsyfirlýsingu við Myanmar. Í samræmi við ákvörðun á ráðherrafundi EFTA sumarið 2014 sendi framkvæmdastjóri EFTA bréf til framkvæmdastjóra ASEAN og óskaði eftir fundi þeirra. Engin formleg svör hafa borist, en óformleg viðbrögð ASEAN hafa verið þau að samtökin eigi nú fullt í fangi með að auka efnahagslegan samruna á milli þátttökuríkjanna.


## Samanburður á fríverslunarneti EFTA og ESB

Í töflu og á heimskorti hér að neðan er gerður samanburður á fríverslunarsamningum EFTA annars vegar og ESB hins vegar, eftir löndum og kynslóðum samninga.

Ártöl sem tiltekin eru í sviga gefa til kynna ár sem samningur tók gildi eða kom til framkvæmda. Ef samningurinn hefur ekki enn komið til framkvæmda er tilgreint það ár sem samningurinn var undirritaður eða samningaviðræðum lauk.

Land semsamningur nær til	EFTA	ESB
<b>Evrópa:</b>		
Albanía	3. kynslóð (2011)	2. kynslóð (2006)
Bosnía-Hersegóvína	3. kynslóð (2015)	3. kynslóð (2015)
Færeyjar	[Samningar einstakra EFTA-ríkja við Færeyjar]	1. kynslóð (1997)
Georgía	3. kynslóð (2017)	3. kynslóð (2016)
Kósóvó		3. kynslóð (2016)
Makedónía	1. kynslóð (2002)	2. kynslóð (2004)
Moldóva		3. kynslóð (2016)
Serbía	3. kynslóð (2011)	2. kynslóð (2013)
Svartfjallaland	2. kynslóð (2012)	2. kynslóð (2010)
Tyrkland	1. kynslóð (1992)	1. kynslóð (1997)
Úkraína	2. kynslóð (2012)	3. kynslóð (2016)
<b>Afríka:</b>		
Alsír		1. kynslóð (2005)
EAC (Búrúndí, Kenýa, Rúanda, Tansanía, Úganda)		1. kynslóð (undirritaður 2014)
ECOWAS/UMMOA (Benin, Burkina Faso, Fílabeinsströndin, Gambía, Ghana, Gínea, Gínea-Bissau, Grænhöfðaejar, Líbería, Malí, Míritanía, Níger, Nígéria, Senegal, Sierra Leone, Tógó) - Einnig sérstakir samningar við Fílabeinsströndina og Ghana.		1. kynslóð (áritaður 2014)
Egyptaland	1. kynslóð (2007)	1. kynslóð (2005)
Madagascar, Míritíus, Seychelleseyjar, Zimbabwe		1. kynslóð (2012)
Marokkó	1. kynslóð (1999)	1. kynslóð (2000)
SACU/SADC (Botsvana, Lesótó, Namibía, Suður-Afríka og Svasland, og í tilviki ESB einnig Mósambík)	1. kynslóð (2008)	1. kynslóð (undirritaður 2016)
Túnis	1. kynslóð (2005)	1. kynslóð (1998)
<b>Asía:</b>		
Filippseyjar	3. kynslóð (undirritaður 2016)	
GCC (Sádi-Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Barein, Óman, Katar og Kúveit)	2. kynslóð (2014)	
Hong Kong	3. kynslóð (2012)	
Ísrael	1. kynslóð (1993)	1. kynslóð (2000)
Jórdanía	1. kynslóð (2002)	1. kynslóð (2002)
Líbanon	1. kynslóð (2007)	1. kynslóð (2003)

Palestína	1. kynslóð(1999)	1. kynslóð(1997)
Singapúr	2. kynslóð(2003)	3. kynslóð(áritaður 2014)
Suður-Kórea	2. kynslóð(2006)	3. kynslóð(2011)
Víetnam		3. kynslóð(viðræðumlauk 2016)
<b>Norður og Suður- Ameríka:</b>		
CARIFORUM (Antigua og Barbuda, Bahamaeyjar, Barbados, Belís, Dóminíka, Dóminíkanska lýðveldið, Grenada, Guyana, Jamaíka, Sankti Kristófer og Nevis, Sankti Lúsía, Sankti Vincent og Grenadíneyjar, Suriname, Trinidad og Tobago)		3. kynslóð(2008)
Chile	2. kynslóð(2004)	2. kynslóð(2005)
Ekvador		3. kynslóð(2017)
Kanada	1. kynslóð(2009)	3. kynslóð(undirritaður 2016)
Kólumbía	2. kynslóð(2014)	3. kynslóð(2013)
Mexíkó	2. kynslóð(2001)	2. kynslóð(2000)
Mið-Ameríkuríkin (Kostaríka, Panama og Gvatemala, og í tilviki ESB einnig El Salvador, Honduras og Níkaragúa)	2. kynslóð(2014)	3. kynslóð(2013)
Perú	2. kynslóð(2011)	3. kynslóð(2013)
<b>Eyjaálfa (Astralía)</b>		
Papúa Nýja Gínea og Fíjeyjar		1. kynslóð(2009)



## Fríverslunarsamningar sem Ísland er aðili að

Samningur	Undirritun	Gildistaka
EFTA-sáttmálinn	04.01.1960	03.05.1960
Fríverslunarsamningur Íslands og ESB	28.02.1972	01.04.1973
EES-samningurinn	02.05.1992	01.01.1994
Hoyvíkur-samningurinn	31.08.2005	01.11.2006
Samningur við Danmörku um viðskiptin við Grænland	31.01.1985	01.02.1985
Fríverslunarsamningur Íslands og Kína	15.04.2013	01.07.2014
EFTA-Albanía	17.12.2009	01.10.2011
EFTA-Bosnía og Hersegóvína	24.06.2013	01.01.2015
EFTA-Chile	26.06.2003	01.12.2004
EFTA-Egyptaland	27.01.2007	01.08.2007
EFTA-Filippseyjar	28.04.2016	Ekki enn í gildi
EFTA-Georgía	27.06.2016	01.09.2017
EFTA-GCC <sup>3</sup>	22.06.2009	01.07.2014
EFTA-Hong Kong	21.06.2011	01.10.2012
EFTA-Ísrael	17.09.1992	01.08.1993
EFTA-Jórdanía	21.06.2001	01.09.2002
EFTA-Kanada	26.01.2008	01.07.2009
EFTA-Kólumbía	25.11.2008	01.10.2014
EFTA-Líbanon	24.06.2004	01.01.2007
EFTA-Makedónía	19.06.2000	01.08.2002
EFTA-Marokkó	19.06.1997	01.12.1999
EFTA-Mexíkó	27.11.2000	01.10.2001
EFTA-Mið-Ameríkuríkin <sup>4</sup>	24.06.2013	05.09.2014
EFTA-Palestína	30.11.1998	01.07.1999
EFTA-Perú	24.06.2010	01.10.2011
EFTA-SACU <sup>5</sup>	26.06.2006	01.05.2008
EFTA-Serbía	17.09.2009	01.10.2011
EFTA-Singapúr	27.06.2002	01.01.2003
EFTA-Suður-Kórea	15.12.2005	01.09.2006
EFTA-Svartfjallaland	14.11.2011	01.10.2012
EFTA-Túnis	17.12.2004	01.06.2005
EFTA-Tyrkland	10.12.1991	13.07.1992
EFTA-Úkraína	24.06.2010	01.06.2012

<sup>3</sup> Sádi-Arabía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Barein, Óman, Katar og Kúveit

<sup>4</sup> Kostaríka, Panama og Gvatemala. Ekki enn í gildi gagnvart Gvatemala

<sup>5</sup> Suður-Afríka, Botsvana, Lesótó, Namibía og Svasíland